



20. október 2025

Máls.nr. 2502003/HBJ

ERINDISBRÉF

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins

Ábyrgðarmaður: Verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Inngangur: Í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, hafa sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær samþykkt stofnun svæðisbundins farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn SSH samþykkti á fundi sínum 15. september 2025, samstarfssamning sveitarfélaganna um stofnun ráðsins auk þess að samþykkja starfsreglur ráðsins og voru þessi stofnskjöl send sveitarstjórnunum til afgreiðslu. Þau voru svo samþykkt í bæjarráðum sveitarfélaganna á tímabilinu 23. september - 16. október. Auk fulltrúa sveitarfélaganna sitja í ráðinu fulltrúi Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi Íþróttahéraða á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sbr. samstarfsyfirlýsingu um þátttöku í ráðinu.

Hlutverk: Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á höfuðborgarsvæðinu. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila.

Verkefni:

- Farsældarráð rýni og yfirfari fyrirliggjandi gögn um þá stöðu barna á höfuðborgarsvæðinu, með áherslu á gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni.
- Farsældarráð forgangsraði aðgerðum í takt við stöðuna með áherslu á samvinnu aðila og samþættingu þjónustu.
- Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á höfuðborgarsvæðinu. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila. Verkefnastjóri heldur utan um vinnu ráðsins við mótun áætlunarinnar.
- Þegar farsældarráð hefur samþykkt aðgerðaáætlun skal hún lögð fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga og yfirstjórn þeirra opinberu stofnana sem eiga sæti í ráðinu. Aðgerðaáætlunin og innleiðing hennar skal endurskoðuð árlega, einkum í tengslum við



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

árlega yfirferð á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og öðrum viðeigandi greiningum. Hún skal birt opinberlega á heimasíðum þjónustuveitenda sem eiga aðild að ráðinu.

- Ráðið skal tryggja reglulegt og markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu. Þetta skal m.a. gert í gegnum samráð við ungmennaráð, notendaráð, foreldraráð og annan sambærilegan vettvang. Verkefnastjóri annast skipulag samráðsins og eftirfylgni.

Með ráðinu starfar: Verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Starfstímabil: Skipun í farsældarráð er ótímabundin en óski aðili eftir því að breyta tilnefningu sinni skal það gert í samráði við formann og verkefnastjóra farsældarráðs. Óski fulltrúi lausnar frá farsældarráði skal því erindi beint til þess aðila sem tilnefndi viðkomandi.

Skipan farsældarráðs:

Eftirfarandi einstaklingar hafa verið tilnefnd í farsældarráð höfuðborgarsvæðisins:


Stofnun/ sveitarfélag	Aðalmaður	Titill	Varamaður	Titill
Reykjavík	Steinn Jóhannsson	Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir	Skrifstofustjóri skóla- og frístundasviðs
	Rannveig Einarsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Sigþrúður Erla Arnardóttir	Skrifstofustjóri ráðgjafar á velferðarsviði
Kópavogur	Amanda K. Ólafsdóttir	Skrifstofustjóri menntasviðs	Anna Birna Snæbjörnsdóttir	Sviðsstjóri menntasviðs
	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir	Skrifstofustjóri velferðarsviðs	Sigrún Þórarinsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs
Hafnarfjörður	Fanney D. Halldórsdóttir	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs	Erla Björg Rúnarsdóttir	Deildarstjóri samþættrar þjónustu barna og ungmenna
	Guðlaug Ósk Gísladóttir	Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs	Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir	Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu
Garðabær	Guðbjörg Linda Udengard	Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs	Edda Björg Sigurðardóttir	Grunn- og tónlistarskólafulltrúi
	Svanhildur Þengilsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Anna Eygló Karlsdóttir	Deildarstjóri barnaverndar
Mosfellsbær	Ólöf Sívertsen	Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs	Elvar Jónsson	Verkefnastjóri farsældar
	Sigurbjörg Fjölfnisdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Kristbjörg Hjaltadóttir	Deildarstjóri félagsþjónustu
Seltjarnarnes	Baldur Pálsson	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs	Gissur Ari Kristinnsson	Verkefnastjóri frístunda- og forvarna
Lögreglan á höfuðb.sv.	Þóra Jónasdóttir	Aðstoðar- yfirlögregluþjónn	Marta Kristín Hreiðarsdóttir	Deildarstjóri upplýsinga- og áætlunardeildar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Heilsugæsla höfuðb.sv.	Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir	Yfirlæknir á geðheilsumiðstöð barna	Ásgerður Arna Sófusdóttir	Teymisstjóri fjölskylduteymis geðheilsumiðstöðvar barna
Framhaldsskólar á höfuðb.sv.	Helga Sigríður Þórsdóttir	Skólameistari MS	Magnús Ingvason	Skólameistari FÁ
Íþróttahéruð á höfuðb.sv.	Hansína Þóra Gunnarsdóttir	Svæðisfulltrúi íþróttahéraða á höfuðborgarsv.		

F.h. Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins,



Hanna Berg Jónsdóttir
verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026